

Aukafundur hreppsnefndar Langanesbyggðar var haldinn laugardaginn 16. febrúar 2008 í síma.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson og Þórir Jónsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar.

Samþykkt að skipa Víking Jónsson sem varamann M-lista í fræðslu- og menningarnefnd í stað Sigríðar Ó. Indriðadóttur, sem starfar sem leiðbeinandi við Grunnskólann á Bakkafirði, og Halldór Njálsson sem varamann O-lista í fræðslu- og menningarnefnd í stað Magnúsar Helgasonar, sem fluttur er búferlum úr Langanesbyggð.

Sveitarstjóra falið að koma upplýsingum um ofangreint á framfæri við formann fræðslu- og menningarnefndar vegna fyrirhugaðs fundar í nefndinni nk. mánudag.

Fleira ekki gert og fundi slitið.